

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 140/1106**  
**komudagur 21.2.2012**

Reykjavík, 20.02.2012.

Til þeirra er málið varðar.

Samkvæmt drögum að nýjum þjóðminjalögum sem nú liggja fyrri alþingi Íslendinga (mál 316) stendur m.a. til að afnema ákvæði sem sett var í þjóðminjalög árið 1989, þar sem allar minjar eldri en 100 ára voru sjálfkrafa verndaðar en miða í staðinn við ártalið 1900 (sjá 3. grein). Í stuttu máli sagt þá telur undirritaður að um mikla afturför að ræða í minjaverndarmálum ef af þessu verður og mætti jafnvel taka svo djúpt í árinna að með þessari breytingu verði að engu haft það góða starf sem átti sér stað á 8. og 9. áratug 20. aldar sem endaði með setningu Þjóðminjalaganna 1989. Verður nú rakið á hverju þessi skoðun byggist.

Það er gömul og góð klisja í umræðu um umhverfisvernd að nauðsynlegt sé að ganga vel um jörðina þar sem við séum í raun einungis með hana í láni frá komandi kynslóðum. Má auðveldlega yfirfæra þetta yfir á minjavernd því með þeim ákvörðunum sem teknar eru í dag í því tilliti er í raun verið að ákveða aðgengi komandi kynslóða að heimildum um menningarsögu sína. Stefnur og straumar í fornleifafræði og minjavernd stjórnast iðulega af afstöðu þjóða til sögu sinnar hverju sinni og hafa pólitískar hugmyndir, þjóðerniskennd, trúarbrögð o.fl. jafnan sterk áhrif á það hvað telst yfirleitt til fornleifa og hverjar beri að varðveita eða jafnvel friða. Á þetta ekki síst við um þjóðir eða þjóðfélagshópa sem gegnið hafa í gegnum löng niðurlægingartímabil, til dæmis vegna glataðs sjálfstæðis og þurfa því sárlega á minjum um glæsta fortíð að halda til að styrkja sjálfsmýnd sína. Eru ákveðin tímabil í sögu þjóða oft sveipuð dýrðarljóma og minjar frá þeim þ.a.l. taldar merkilegri en aðrar minjar. Því verður t.d. ekki neitað að afstaða Íslensku þjóðarinnar til sögu sinnar hefur til skamms tíma verið mjög svo lituð af þjóðernisrómantískum hugmyndum og fortíðarþrá sem rekja má beint til sjálfstæðisbaráttunnar á síðari hluta 19. aldar og fram undir miðja 20 öld. Beindist áhugi manna hér á landi því til skamms tíma einkum að minjum sem taldar voru tengjast heiðnum átrúnaði, þjóðveldinu eða persónum í fornsögunum. Þer gamla friðlýsingarskráin til að mynda vitni um þetta. Mikilvægt er af þessum sökum að öll nálgun í minjavernd sé sem hlutlægust og má segja að 100 ára reglan hafi verið ákveðin viðleitni í þá átt. Með henni er tryggt að minjar sem náð hafa 100 ára aldri njóti sjálfkrafa verndar, án þess að þar liggja að baki sérstakar ákvarðanir þeirra sem starfa að minjavernd á hverjum tíma. Að sjálfsögðu er aldrei hægt að útiloka mannlega þáttinn og verður ekki hjá því komist að taka þurfi ákvarðanir um örlög minja, þ.e. hvort á að friða þær algjörlega með friðlýsingu, eða með hvaða hætti ber að vernda þær, t.d. vegna skipulagsmála. Ef til þess kemur að 100 ára reglan verður afnumin er öruggt að í stað

ákveðið verður að miða skilgreiningu við ártalið 1900 að mönnum muni þykja nóg að gert eftir að fyrstu umferð skráningar líkur hér.

Einn af kostunum við 100 ára regluna er að hún minnir okkur á að það hvað telst til fornleifa er síbreytilegt og mótað af tíðaranda. Torfbær sem taldist hversdagsleg bygging í upphafi 20. aldar er fágætt hús í dag, kvíar sem fundust í túnjaðri á flestum bæjum snemma á 20. öld hafa nú í mjög mörgum tilfellum orðið túnastækkun og –sléttun að bráð.

100 ára reglan hefur verið við lýði á síðustu árum og sökum hennar hefur gríðarmikið af mikilvægum upplýsingum um menningar- og byggingararf verið safnað. Það að afnema þessa reglu nú væri stórt skref afturábak í minjavernd á Íslandi.

Virðingarfyllt:

*Oddgeir Isaksen.*

Oddgeir Isaksen. Kt: 280873-5439

Staða: Fornleifafræðingur.

Vinnustaður: Fornleifastofnun Íslands, Bárugötu 3, 101 Reykjavík.

Netfang: [oddgeir@instarch.is](mailto:oddgeir@instarch.is)

Vinnusími: 551-1033

GSM: 8699821